

um bætt skipulag tónlistarnáms.

Flm.: Helgi F. Seljan.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að taka til gagngerðrar endurskoðunar allt tónlistarnám í landinu.

M. a. skal starf hinna einstöku tónlistarskóla samræmt skyldunáminu og almenn tónlistarkennsla skipulögð, þar sem engin er nú.

Skal að því stefnt að færa undirstöðukennslu í hljóðfæraleik inn í alla skyldunámsskóla nemendum að kostnaðarlausu.

Við þessar aðgerðir, svo og aðrar, sem nauðsynlegar reynast, skal stuðst við álit tónmenntunarnefndar menntamálaráðuneytisins frá 30. ágúst 1972.

#### Greinargerð.

Alhliða gildi tónlistar er hafið yfir efa. Sem uppeldistæki og þroskagjafi er hún talin ómetanleg, og af því hafa margar þjóðir mikla og góða reynslu.

Ungverjar munu einna fremstir í tónlistaruppeldi og telja sig ekki geta án þess verið, telja það ótvíræðan og ómissandi þátt í uppeldi ungu kynslóðarinnar. Hér á landi hefur þessum þætti verið allt of litill gaumur gefinn, áhugastarfið hefur að vísu verið talsvert með góðum stuðningi ríkis og sveitarfélaga, en skipulegt átak hefur ekki verið gert í því skyni að gera tónlistina að almenningsseign, að almennu ljáningartæki með beinni kennslu í nótnalestri og hljóðfæraleik.

Ein skyldugreina skólakerfisins er söngur, en mjög víða hafa skólar skyldustigsins orðið að sleppa þessari grein, t. d. vegna þess að kennara hefur vantað.

Úti á landsbyggðinni hefur víða verið komið á fót tónlistarskólum, oft af miklum vanefnum, en engu að síður hafa þeir reynst mikil lyftistöng öllu tónlistarlífi staðanna, og oftast hafa barnaskólarnir notið góðs af beint og óbeint.

En mjög víða eru möguleikar til tónlistarnáms heima í héraði alls engir. Hér þarf sannarlega úr að bæta.

Í frumvarpi því, sem nú liggur fyrir Alþingi um grunnskóla, er gert ráð fyrir aukningu á tónlistarfræðslu og henni verulegri, en til þess að þau ákvæði, ef að lögum verða, verði eitthvað annað en orðin tóm, þarf mikið átak að gera og það víða um landið. Eins þarf að auka möguleika nemenda til náms í hljóðfæraleik að miklum mun, án þess að fyrir það þurfi hver einstaklingur að greiða of fjár.

Í dag er allt of dýrt að njóta undirstöðukennslu í hljóðfæraleik, það flokkast nánast undir forréttindi þeirra betur stæðu í þjóðfélaginu, ef miðað er við hvort tveggja: kennsluna og hljóðfæra kaup, sem oftast fylgja. Eflaust þarf einnig að koma til betra skipulaga á menntun tónlistarkennara sem nauðsynleg forsenda þess, að hægt sé að skipuleggja og auka tónlistarnámið í heild.

Fyrri hluti tillögunnar gerir ráð fyrir tvennu: Annars vegar að samræma starf tónlistarskólanna sjálfu skólanáminu á skyldustigi, og ætli það að vera tiltölulega auðvelt svo og að koma á tónlistarfræðslu, þar sem hún fyrirfinnst ekki eða er nánast nafnið eitt í dag, og verður þar um miklu þyngri róður að ræða, vanda, sem ekki verður auðleystur.

En að því marki verður að stefna engu að síður. Öll mismunun eftir búsetu verður þarna að hverfa eins og í öðrum greinum.

Síðari hluti tillögunnar er svo rökrétt framhald af fyrri hlutanum: markmiðið, sem að er stefnt með hinu skipulega átaki, það að færa tónlistarkennslu (ekki aðeins söngkennslu) inn í alla skyldunámsskóla nemendum að kostnaðarlausu. Séum við sannfærð um það, að tónlistaruppeldi ungs fólks hafi alhliða gildi, uppeldislegt og menningarlegt, þá ber að stefna að því, að þessi þáttur verði ekki vanræktur, og enn fremur, að hann verði ekki aðeins fyrir einhverja útvalda eða þá, sem þyngst hera gull í vösum.

Í lok tillögunnar er vísað til itarlegs álits tónmenntunarnefndar menntamálaráðuneytisins, þar sem gerðar eru tillögur um námsefni í tónlist á skyldustiginu. Á því álitum hlýtur að verða að byggja, þó að tillaga þessi geri raunar ráð fyrir, að í sumu sé lengra gengið en álitinu segir til um.

Þó að grunnskólafrumvarpið verði að lögum, sem verður að vona, og þar með fái stundunandi aukningu á grunnfræðslu í tónlist, telur flm. rétt að vekja nú athygli á málinu sérstaklega, einkum með tilliti til þeirrar þarfar, sem er á stórátaki í tónlistaruppeldi okkar í heild.